

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *23. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 23. júní 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld, síðari umræða.
3. Kosning oddvita og varaoddvita.
4. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um viðbót á rekstrarleyfi til handa Ástu Lárusdóttur, Skútustöðum.
5. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um viðbót á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf, Geiteyjarströnd.
6. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um viðbót á heimagistinu til handa Puríði Helgadóttur, Björk.
7. Fulltrúi á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. 30. júní.
8. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 20. júní.
9. Kynning á BSc verkefni, viðhorf Mývetninga til ferðaþjónustu, Margrét Hólm.
10. Ráðningasamningur.
11. Undirskriftalisti frá sauðfjárbændum og öðrum íbúum vegna niðurskurðar á fjárveitingu til grenjavinnslu.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Da dags. 7. júní.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 31. maí.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 10 og 11, yrði bætt á dagskrána. Þá var óskað eftir að víxla öðrum og þriðja lið dagskrárinnar. Samþykkt samhljóða.

2. Kosning oddvita og varaoddvita.

Karl Emil lagði til að oddviti yrði Dagbjört Bjarnadóttir og varaoddviti yrði Böðvar Pétursson. Samþykkt samhljóða.

3. Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld, síðari umræða.

Ýmis nýmæli eru í gjaldskrá Skútustaðahrepps. Verða nú innheimt ýmis gjöld fyrir skipulagsvinnu ásamt afgreiðslu- og þjónustugjöldum sem ekki hefur þurft að greiða fyrir áður. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að afla henni staðfestingar. Gjaldskráin verður auglýst sérstaklega að lokinni staðfestingu.

4. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um viðbót á rekstrarleyfi til handa Ástu Lárusdóttur, Skútustöðum.

Með tölvupósti er óskað umsagnar um viðbót á rekstrarleyfi til handa Ástu Lárusdóttur, Skútustöðum 2b. Flokkur II, gistiskáli. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.

5. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um viðbót á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf., Geiteyjarströnd.

Með tölvupósti er óskað umsagnar um viðbót á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf. Geiteyjarströnd 1. Flokkur II, gistiskáli. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.

6. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um viðbót á heimagistinu til handa Þuríði Helgadóttur, Björk.

Með tölvupósti er óskað umsagnar um viðbót á rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur, Björk. Flokkur I, heimagisting. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til reksturs gistingar í nýju íbúðarhúsi í landi Bjarkar. Sveitarstjórn telur hins vegar að leyfið eigi að vera flokkur II, gistiskáli þar sem viðbót við núverandi heimagistingu fer yfir þann fjölda rúma sem heimill er til heimagistingar skv. lögum.

7. Fulltrúi á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. 30. júní.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður 30. júní n.k. verður Böðvar Pétursson.

8. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 20. júní.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi Hólmfríðar Jónsdóttur, Arnarvatni þar sem óskað er eftir að nefndin endurskoði afstöðu sína varðandi fyrirhugaða staðsetningu þjónustulóðar á Beitarhúsaási. Skipulags- og umhverfisnefnd telur ekkert koma fram í bréfinu sem gefi tilefni til að breyta fyrri afstöðu.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekin fyrir kostnaðaráætlun v/endurnýjunar á hitaveitunni sem nefndin hafði falið Verkís verkfræðastofu að vinna. Stærsti einstaki verkþátturinn er endurnýjun lagnarinnar frá Geiteyjarströnd að Garði. Nefndin leggur til að skoðuð verði sérstaklega hagkvæmi þess hvort mögulegt sé að tengja suðurhluta sveitarinnar við Fagradalsveitu við Arnarvatn. Því er beint til sveitarstjórnar að heildarendurnýjun vatns- og hitaveitu verði boðin út í einu lagi, sem og fjármögnun verkefnisins. Einnig er lagt til að allar rotþrær í sveitarfélaginu verði ástandsmetnar og hnitsettar m.t.t. útboðs á hreinsun þeirra. Undir liðnum önnur mál er því beint til sveitarstjórnar að kannað verði hvort möguleiki sé á tengingu í sveitarfélaginu við þá ljósleiðara sem liggja um sveitarfélagið og hver kostnaðurinn yðri við slíka framkvæmd. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Skipulags- og bygginganefndar á öðrum lið fundargerðarinnar.

Varðandi þriðja lið fundargerðarinnar leggur sveitarsjórn áherslu á að deilumáli hitaveitunnar og Vogunga verði lokið áður en að hugað verði að frekari endurnýjun á hitaveitunni. Starfshópi um endurnýjunn veitunnar falið að kanna námar hvort Fagradalsveita getur þjónað fleirum en nú er. Fyrir nokkrum árum var gerð úttekt á ástandi rotþróa í sveitarfélaginu, hins vegar er eðlilegt að uppfæra þann lista og hnitsetja þrænnar.

Varðandi möguleika á tengingu við ljósleiðar sem liggja um sveitarfélagið samþykkir sveitarstjórn að senda eigendum ljósleiðaranna bréf og kann hvort möguleiki er á tengingu.

9. Kynning á BSc verkefni, viðhorf Mývetninga til ferðaþjónustu, Margrét Hólm.

Margrét kynnti lokaverkefni sitt við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, sem fjallar um viðhorf Mývetninga til ferðaþjónustu. Margt áhugavert kemur þar fram en heilt yfir eru Mývetningar frekar jákvæðir gagnvart ferðaþjónustunni. Um leið og Margrét þakkaði sveitarstjórn fyrir stuðninginn, færði hún sveitarfélaginu að gjöf eitt eintak af skýrslunni.

Oddviti þakkaði prýðilega kynningu.

Skýrsluna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

10. Ráðningarsamningur. Ládst hafði að leggja fram til formlegrar samþykktar ráðningasamning við sveitarstjóra sem áður hafði verið samþykktur í tölvupósti. Samþykkist hann hér með.

11. Undirskriftalisti frá sauðfjorbændum og öðrum íbúum vegna niðurskurðar á fjárveitingu til grenjavinnslu.

Fyrir fundinum liggur bréf og undirskriftir fimmtíu og níu sauðfjorbænda og annarra íbúa í sveitarfélaginu, þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum vegna ákvörðunar sveitarstjórnar þess efnis að skera niður fjármagn til grenjavinnslu. Í bréfinu kemur fram að reynsla undanfarinna ára bendi ekki í þá átt að vert sé að slaka neinsstaðar á klónni hvað grenjavinnslu varðar. Því geti þessi ákvörðun strax á næsta ári valdið tvöföldun á fjölda grenja á svæðinu. Með því að draga úr grenjavinnslu er viðbúið að dýrmæt þekking og kunnátta glatist og meðal annars í því ljósi sé brýnt að láta ekki skammtímasjónarmið ráða för. Sveitarstjórn getur heils huga tekið undir áhyggjur þær sem fram koma í bréfinu. Því miður verður þessi málaflökkur taki á sig skerðingu vegna sparnaðar eins og aðrir málaflökkar. Á síðasta ári nam kostnaður Skútustaðhrepps við vargeyðingu á milli 15 – 16 þúsund kr. pr. íbúa og gerist það ekki hærra í öðrum sveitarfélögum. Sveitarstjórn bendir á að niðurskuðurrinn nemur þremur grenjum, einu greni við Herðubreiðarlindar og tveimur grenjum sunnan Suðurár. Kostnaður vegna þessara grenja er hlutfallslega hæstur með tilliti til fjarlægðar. Sveitarstjórn beinir því til grenjaskyttna að koma með tillögur um tilhögun grenjavinnslu í sveitarfélaginu með tilliti til þess fjármagns sem til málaflökksins er ætlað.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.